

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 6. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 30. september 2014 kl. 13.15

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir 2015-2019
 - a) Rammi (leiðbeiningar) fyrir gerð sóknaráætla
 - b) Drög að samningi um sóknaráætlanir
 - c) Drög að úthlutunarreglum samkeppnissjóða
2. Önnur mál
 - a) Næsti fundur

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Heiður Björnsdóttir (VEL), Karl Björnsson (sambandinu), Karítas Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Auk þeirra sátu fundinn Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) og Berglind Kristinsdóttir (talsmaður landshlutasamtaka sveitarfélaga).

Fjarverandi: Héðinn Unnsteinsson (FOR) og Unnur Orradóttir Ramette (UTN).

Fundargerð 5. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir 2015-2019

Til undirbúnings að sóknaráætlun landshluta fyrir tímabilið 2015-2019 vinnur stýrihópurinn með þrjú megisskjöl, þ.e. ramma um áætlanagerð, drög að samningi og drög að úthlutunarreglum fyrir samkeppnissjóði.

a) *Rammi (leiðbeiningar) fyrir gerð sóknaráætla*

Drög að ramma voru fyrst rædd á síðastu fundi stýrihóps og í kjölfarið var hann sendur framkvæmdastjórum landshlutasamtaka, eða þann 22. mars, til upplýsinga, umræðna og umsagna. Fyrir fundinn höfðu borist fyrstu viðbrögð frá framkvæmdastjórunum á Vestfjörðum og á Austurlandi.

Farið var yfir viðbrögð framkvæmdastjórnanna. Það sem meðal annars var rætt var hvort og þá hvernig landshlutasamtök og tengdir aðilar geti hlotið styrki úr samkeppnissjóðum. Mikilvægt er að gæta jafnræðis, bæði innan landshluta og á milli þeirra. Varað var við að landshlutarnir hefðu hag af því að hafa starfsemina aðskilda, enda gengur það gegn upphaflegum markmiðum með sóknaráætlunum.

Varðandi fyrirkomulag við gerð sóknaráætla og úthlutun fjármagns þá verður það, líkt og áður, sem mest á ábyrgð hvers landshluta að ákveða hvaða háttur verður hafður á. Ábyrgðin verður eftir sem áður hjá stjórnnum landshlutasamtakanna.

Töluverð umræða varð um fyrirkomulag greiðslna til landshlutasamtaka. Þeir sem til máls tóku voru sammála um að greiða skuli tiltekið hlutfall framlagsins við upphaf samningstímabilsins en að í grundvallaratriðum verði greitt verði eftir framvindu. Gæta þarf að fyrirkomulagið verði ekki of íþyngjandi fyrir landshlutasamtökin.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Þá var rætt um framlag sveitarfélaga til sóknaráætlana en í nágildandi menningarsamningum leggja sveitarfélögin sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% til viðbótar við framlag ríkisins. Torfi, Karítas og Þórarinn munu fara yfir þessi mál fyrir næsta fund stýrihópsins.

Í pósti frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga var þess óskað að stýrihópurinn kalli, áður en lengra er haldið, eftir samantekt á samanlögðum áhrifum þess að ríkisvaldið hefur dregið úr fjárveitingum til opinberrar þjónustu, menntun, rannsókna og til verkefnasjóða á starfssvæði FV en boði á sama tíma sértækar landshlutaáætlanir s.s. á Norðlandi vestra (póstur dags. 29. september 2014). Stýrihópurinn sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni.

Farið var yfir tímaramma fyrir undirbúning og gerð sóknaráætlana en stefnt er að því að samningar verði tilbúnir fyrir árslok.

b) Drög að samningi um sóknaráætlanir

Fyrstu drög að samningi voru send stýrihópnum fyrir fundinn og voru þau rædd. Drögin verða unnin áfram fram að næsta fundi og eftir það send landshlutasamtökunum sem grundvöllur að umræðum og samráði.

Hólmfríður mun kalla eftir skiptareglum fyrir það fjármagn sem tengjast mun nýjum sóknaráætlunum og senda á hópinn.

c) Drög að úthlutunarreglum samkeppnissjóða

Byggðastofnun hafið unnið drög að úthlutunarreglum vegna styrkja úr samkeppnissjóðum og voru þau send stýrihópnum fyrir fundinn. Drögin voru lítillega rædd, en frekari umræðu vísað til næsta fundar. Líkt og með drög að samningi verða drög að úthlutunarreglum send til landshlutasamtaka eftir næsta fund stýrihópsins.

2. Önnur mál

a) Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 7. október kl. 13.00-14.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50.